

Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Áttundi fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 18. mars 2021. Fundur hófst kl. 14:00.

Fundinn sátu: Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Puríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Rebekka Hilmarsdóttir f.h. Vesturbyggðar og Steinar Kaldal f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Forföll boðuðu Sigurður Örn Þorleifsson forsætisráðuneyti og Freyja Pétursdóttir Umhverfisstofnun.

Þetta gerðist:

1. Skýrsla nefndar

Hópurinn fór yfir efnisatriði skýrsludraganna með tilliti til þess hvort bæta þyrfti köflum við skýrsluna. Ekki var talin þörf á því á þessum tímapunkti. Uppfærð skýrsludrög verða tilbúin til yfirlstrar fyrir næsta fund hópsins.

2. Tímalínan framundan (fundir okkar og afhending skýrslu)

Farið var yfir tímalínu vinnu hópsins. Tillaga að auglýsingu kemur úr kynningu 26. maí og gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili skýrslu til ráðherra fljótlega upp úr mánaðamótum maí/júní. Stefnt er að því að funda tvisvar í mánuði fram að skýrsluskilum og munu fundirnir að mestu snúast um að fara yfir efni skýrslunnar.

3. Innkomnar athugasemdir við tillögu að auglýsingu

Engar athugasemdir höfðu borist Umhverfisstofnun fyrir fund starfshópsins.

4. Kynningarfundur vegna tillögu að auglýsingu

Stefnt hefur verið að því að halda kynningarfundum í báðum sveitarfélögum þar sem farið verður yfir tillög að auglýsingu fyrir svæðið (friðlýsingarskilmála þjóðgarðsins). Í ljós sóttvarnarráðstafana liggur þó ekki enn fyrir hvort fundirnir verði haldnir í sveitarfélögunum eða hvort halda þurfi fjarfundi.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 14:50.